

Auglýsing

80
12. septbr.

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir Súðavíkurhrepp í Norðurísa- fjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eptirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Súðavíkurhrepp í Norðurísa-fjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. *Almenn ákvæði.*

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Súðavíkurhrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefndin kýs, og einn maður, er sýslunefndin kýs. Kosningin gildir til þriggja ára.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, er honum þykir þess þörf, eða hinir nefndamennirnir báðir eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Hann ákveður fundarstað og fundartíma, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir, og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en þá skal hann tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns. Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að vera á fundum nefndarinnar og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett.

Andvirði bóka og ritfanga, svo og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr sveitarsjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Heimilt er nefndinni að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er ræðir um í samþykkt þessari, sem og hvað eina, er mikla þýðing kann að hafa fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða öll hús og lóðir á samþykktar-svæðinu, og er henni heimilt að skipta þessu starfi á milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar enn formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í bók allt, er hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt samþykkt þessari, og skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, hvernig þeir eigi úr því að bæta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða.

12. septbr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfum, sem hefir í för með sjer útgjöld úr sveitarsjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefndina og fara fram á, að fje sje veitt til þessa. Nú neitar hreppsnefndin slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefndinni heimilt að skjóta málinu til sýslunefndarinnar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið. En telji heilbrigðisnefndin svo brýna þörf á framkvæmd einhverra heilbrigðisráðstafana, að eigi megi dragast til þess er úrskurður sýslunefndar fæst, en hreppsnefnd synjar um fje til þeirra framkvæmda, þá skal hún snúa sjer til sýslumanns, er í samráði við hjeraðslækni ákveður hvort þær ráðstafanir megi dragast til úrskurðar sýslufundar eða ekki.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, þar með taldar verbúðir, skulu vera svo gjörð, að unnt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn á hverju herbergi, og trjególf í öllum íveruherbergjum.

Heilbrigðisnefndin getur heimtað af leigjanda eða eiganda húss, að ræstuð sjeu herbergi, sjeu þau svo óhrein, að nefndin álíti húsbúum hættu búna.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt heilsu manna að búa í því, og getur nefndin þá bannað íbúðina; skal nefndin þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst, innan 8 daga, að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álíts hjeraðslæknis, og leggur fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt, sem verða má.

8. gr.

Kjallara má eigi taka til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. Um frá-ræslu.

9. gr.

Eldhússkólþ og þvottaskólþ má ekki láta síga í jörðu svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að það saurgi jarðveginn undir húsunum; skal veita öllu skólþi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsunum, svo langt, sem heilbrigðisnefndinni þykir þurfa. Öll skólþræsi, hvort heldur eru á almanna færi, eða

á einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi komi pollar **80** eða vilpur, og hvergi flói út úr þeim; skal hreinsa þau svo opt, að ekki leggi^{12. septbr.} ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, að vatnsheldur botn sje gjörður í ræsi, þá getur hún heimtað slíka aðgjörð.

10 gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir til að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakar gjörð en göturæsið.

Skyldir skulu eigendur blautfiskshúsa að gjöra skólpræsi meðfram salt-húsum sínum og frá þeim, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þörf, þó skal hver einstakur húseigandi ekki skyldur að gjöra ræsi lengra en 4 fadma og gilda sömu ákvæði um þau og önnur ræsi.

IV. Um vatnsból.

11. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, sömuleiðis að láta í þau eða nálægt þeim hverskonar saurindi sem er, sorp, slor eða hræ; eigi má heldur þvo í þeim eða við þau, hvort heldur er fatnað, fisk, ull eða nokkuð sem óhreinakar vatnið, eins fyrir það þótt um rennandi vatn sje að ræða. Bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nálægt þeim.

12. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en 15 álnum eða meira eptir því sem heilbrigðisnefnd ákveður.

Nú vill einhver gjöra brunn að nýju eða breyta gömlum brunni, og skal hann þá tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal ákveða, þá er grefti eða borun er lokið, hvort vatnið er nýtilegt, og hafa gát á því, að brunnur sje gjörður sem hjer segir:

Sje brunnur grafinn, skal hlaða hann innan úr hörðum steini, og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gjörð svo langt upp eptir, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemmra en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má nefndin leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar limkenndan leir, og skal það lag vera 1 alin á þykkt. Hleðsla skal ná $\frac{1}{2}$ alin eða meir upp úr jörðu, og út frá brunni hvorum skal steypa steinkraga að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ alin á breidd, er halli út frá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur; og skal vatnið tekið með dælu, er gangi gegn um miðjan hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo að lopt komist að vatninu.

80 Par sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefndin
12. septbr. leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið halað upp í fötu.
Útan um opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu að minnsta kosti 1½
álin að hæð.

13. gr.

Heilbrigðisnefndin getur bannað að taka vatn úr brunni eða öðru vatns-
bólí um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir
það í ljós, að vatnið sje skaðkvæmt, og ekki unnt að gjöra við vatnsbólíð, svo að
vatnið verði óskaðvæmt, þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að fylla það
svo, að engu vatni verði náð úr því.

V. *Um peningshús, hauga og forir.*

14. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í íbúðarhúsum.

15. gr.

Ef einhver vill gjöra peningshús, forir, haugstæði eða haughús, þá skal
hann gjöra heilbrigðisnefndinni aðvart áður en hann byrjar á því, og skal hún
gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbólí, en nemi 15 álnum eða meira,
og ætíð á lægri stað en vatnsbólíð.

For má ekki gjöra nje haug hafa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi
10 álnum, og ekki nær vatnsbólí en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan
ná ½ alin eða meira upp úr jörðu, og skal yfir hverri for hafa sterkann hlera,
svo að öruggt sje, að hvorki menn nje skepnur geti fallið í hana.

Ef íbúðarhús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefndin bannað mykju-
hauga og haughús, en heimtað, að forir sjeu gjörðar úr grjóti og steinlími eða
steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar.

16. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir eldri en samþykkt þessi, valda óþrifn-
aði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó
eiganda að skjóta máli sínu undir úrskurð sýslumanns, og skal hann innan 8 daga
tilkynna heilbrigðisnefndinni málskotið.

Heilbrigðisnefndin skal þá útvega álit hjeraðslæknis, og senda það sýslu-
manni, er því næst kveður upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

VI. *Um salerni.*

17. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni. Gólf í salerni skal vera
steinsteypu og hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að setunni. Hafa **80** má salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef góður loptsúgur er í klefanum, en^{12. septbr.} tæma skal saurilátin daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsinu, má hafa salerni yfir henni þannig að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftsúgsumbúningur skal þá vera í salerninu.

18. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilátin tæmast óðar en þau fyllast.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir, hvar láta megi saur úr salernum.

19. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en samþykkt þessi, eða þau eru illa gjörð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefndin heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni samkvæmt 17. gr.

VII. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

20. gr.

Sorphaugar og sorpgryfjur mega ekki vera nær íbúðarhúsum nje vatnsbólum enn nemi 15 álnum. Flytja skal burtu allt sorpið tvisvar á ári, haust og vor. Heilbrigðisnefndin getur heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi og flutt burtu jafnóðum og þau fyllast, á þann stað, er hún tiltekur.

21. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum í sjóinn, ef þessu er ekki safnað í gryfju, á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefndin tiltekur, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sje hlýtt.

22. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fylulykt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg, eða inn á eign þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefndin skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust í burtu.

23. gr.

Hver sá iðnaður, er óþrifnaður fylgir, svo sem lýsisbræðsla, hvalveiði, hagnýting hvalleifa og fiskiúrgangs, sítun húða o. fl. þvilíkt, skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndarinnar og fyrirmælum hennar, hvað hreinlæti snertir bæði utan hús og innan. Þar sem fiskipvottur fer fram nærri íbúðarhúsum eða verbúðum, skal heilbrigðisnefndin sjá um, að vel sje hreinsað til daglega, svo að ekki safnist fyrir fiskleifar, er úldna og valda daunillu lopti. Lifrartunnur eða

80 keröld mega aldrei vera á almannafæri, heldur á afviknum stöðum eða innan
1^o.septbr. girðinga. Sjeu safnkeröld eða kassar fyrir lifur eða grút grafin í jörðu, gildir hið sama um þau og forir.

VIII. Um slátrun.

24. gr.

Slátrun á sauðfje, sem ekki er lagt í bú, má aðeins fara fram innan luktra skiðgarða, er sjeu svo háir og þjettir, að sláturstörfin sjáist ekki af þeim, er framhá ganga. Ætíð skal hafa á blóðvelli sjerstakt ilát fyrir sulli, og skulu þeir brenndir eða grafnir í jörð að kveldi hvers slátrunardags. Skola skal blóðvöllinn daglega um leið og sláturstörfum er hætt og jafnan bera gor og allt annað, sem ekki er notað, í sjóinn; allar kindur skulu flegnar á gálga.

IX. Um matvöru.

25. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eptirlit með því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, er sje svikin, skemmd eða skaðleg heilsu manna. Nefndinni skal vera heimilt að taka í búðum kaupmanna fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til, að sje svikin, skemmd eða skaðleg heilsu manna, og láta rannsaka hana, og skal kostnað þennan greiða úr sveitarsjóði.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknisins, að einhver matvara er skemmd og ekki boðleg til manneldis, og skal nefndin þá auglýsa það og vara almenning við að nota hana til manneldis.

Sje varan svikin eða skaðleg heilsu manna eða skepna að álit læknisins, má heilbrigðisnefndin banna að selja hana, — þá er landlæknir hefir staðfest álit hjeraðslæknisins, — láta ónýta vöruna eða á einhvern hátt gjöra hana óskaðlega á kostnað þess, sem vöruna hafði á boðstólum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til manneldis, nema hjeraðslæknir eða dýralæknir álit þá hættulaust.

X. Um bökunarhús.

26. gr.

Þá er bökunarhús er byggt, skal heilbrigðisnefndin hafa sjerstakt eptirlit með því, að nægilegur þrifnaður sje við hafður í bökunarstofunni.

Menn með næma sjúkdóma, svo sem berklaveiki, holdsveiki, o. s. frv., opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum, mega ekki vinna að brauðgerð. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofunni, og aldrei má sofa í stofunni. Ekki má nota annað eldsneyti í bökunarstofunni en kol, mó (svörð), brenni og steinolíu.

XI. Um skóla.

80

12. septbr.

27. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar til fjórum sinnum á ári, eptir því sem henni þykir þurfa. Hver sá, sem tekur til kennslu 5 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefndinni, hvar hann ætli að kenna.

28. gr.

Hver kennslustofa skal vera svo stór, að 80 rúmfet að minnsta kosti komi á hvert barn. Gólfíð í kennslustofum skal þvo á hverjum degi, en aldrei má sópa það.

29. gr.

Ef heilbrigðisnefndin verður vör við, að börnin eða kennarinn hafi einhvern mæman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeraðslækni, og tilgreina nöfn og heimili þeirri, er sjúkir eru. Ef skólakennari eða skólabarn hefir berklaveiki og læknir álitur, að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er afstaðin að dómi hjeraðslæknis.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla, og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakennslu.

XII. Um kirkjugarða.

30. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eptirlit með kirkjugarðinum. Vatn má ekki standa í garðinum, og vatnsból ekki nær honum en nemi 100 álum á jafnsljettu, og alls ekki í halla undan kirkjugarði, nema eptir samráði við hjeraðslækni.

Þurfi að stækka garðinn, skal það gjört með ráði heilbrigðisnefndarinnar. Svo fljótt, sem því verður við komið, skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIII. Um næma sjúkdóma.

31. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefndin aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef alvarlega næmur sjúkdómur kemur upp á því svæði, sem samþykktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði veð hjeraðslækni að setja um stund strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. *Um sektir.*

32. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum allt að 200 kr., er renni í sveitarsjóð.

Ef einhver sá, er heilbrigðisnefnd samkvæmt samþykkt þessari hefir skipað að framkvæma einhverjar umbætur á húsum eða öðru, er að heilbrigðisráðstöfunum lýtur, kýs heldur að fela heilbrigðisnefndinni framkvæmdina á verkinu, og setur fulla ábyrgð fyrir, þá skal nefndin taka að sjer verkið gegn fullu endurgjaldi, er greiðist til bráðabirgðar úr sveitarsjóði, en síðan af hlutadeiganda, og má taka slíkan kostnað lögtaki. Hið sama gildir og ef einhver hefir vanrækt að framkvæma á settum fresti fyrirskipan heilbrigðisnefndarinnar.

33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. okt. 1906.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 12. septbr. 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.